

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Capsina 0,075% krem capsaicin

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Capsina og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Capsina
3. Hvernig nota á Capsina
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Capsina
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Capsina og við hverju það er notað

Capsina inniheldur virka efnið capsaicin sem er verkjastillandi. Capsina er ætlað fullorðnum til meðhöndlunar á sársauka vegna fylgikvilla ristils.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Capsina

Ekki má nota Capsina:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir capsaicin eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- á skaddaða eða bólgnu húð.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Virka efnið getur valdið ertingu á húð og í augum. Þvoið hendurnar eftir notkun til að koma í veg fyrir óþarfa ertingu. Þvoið húðina áður en kremið er borið á aftur. Kremið má bara nota á heila húð. Forðist að fá kremið á slímhúð.

Ekki má nota kremið nálægt augum. Ef krem berst í augu skal skola þau með vatni og hafa samband við lækni.

Börn

Capsina er ekki ætlað börnum. Engin reynsla er af notkun lyfsins hjá börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Capsina

Notkun Capsina í samsettri meðferð með öðrum lyfjum hefur ekki verið rannsökuð.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstagjöf

Ekki er vitað hvort lyfið hefur áhrif á fóstur. Ekki er vitað hvort Capsina berst í brjóstamjólk. Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Akstur og notkun véla

Engin áhrif.

Capsina inniheldur cetýlalkóhól og bensýlalkóhól

Cetýlalkóhól getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertixemi).

1 g af Capsina inniheldur 10 mg af bensýlalkóhóli. Bensýlalkóhól getur valdið ofnæmisviðbrögðum og vægri staðbundinni ertingu.

3. Hvernig nota á Capsina

Notið lyfið alltaf eins og lækningarnir hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Hjá fullorðnum er lyfið venjulega borið á 3-4 sinnum á dag. Það getur tekið 1-2 vikur fyrir áhrifin að koma fram eftir reglulega notkun.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, lyfjafræðing eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) til að fá mat á áhættunni og ráðgjöf.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Algengar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 notendum): Tímabundin hita- eða brunatilfinning í húðinni.

Mjög sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 notendum): Roði eða útbrot í húð þar sem kremið var borið á. Hósti, kvef og/eða öndunarerfiðleikar geta komið fram þegar kremið þornar á húðinni og loftbórið capsaicin berst í öndunarfæri.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækningarnir, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Capsina

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluáðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkingar og aðrar upplýsingar

Capsina inniheldur

- Virka innihaldsefnið er capsaicin. 1 g af kremi inniheldur 0,75 mg af capsaicini.
- Önnur innihaldsefni eru cetýlalkóhól, bensýlalkóhól (rotvarnarefni), ísóprópýlmýristat, hvítt vaselín, glýserylsterat, polýetýlenglýkól 100 sterat, sorbitól, hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Capsina og pakkningastærðir

Hvítt, mjúkt krem. 45 g (áltúpa).

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Bioglan AB
Box 50310
202 13 Malmö
Svíþjóð

Umboðsaðili á Íslandi

Icepharma hf.
Lynghálsi 13
110 Reykjavík

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2021.